

Alþingi
Erindi nr. P 138/670
komudagur 10.12.2009

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík, 10. desember 2009

Viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Frv. til l. um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 255. mál.

SFF hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp. Samtökin taka undir það meginmarkmið frumvarpsins að hækka tryggða fjárhæð innstæða í 50.000 evrur til að viðhalda trausti innstæðueiganda og endurheimta stöðugleika á fjármálamörkuðum. Samtökin telja mikilvægt að löggjöf um innstæðutryggingar hér á landi sé sambærileg við löggjöf nágrannaríkjanna eins og lagt er upp með í frumvarpinu. Þá taka samtökin einnig undir ummæli í greinargerð um að eftir fall viðskiptabankanna þriggja sé nauðsynlegt að breyta gildandi löggjöf um innstæðutryggingakerfi og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Mikilvægt er að vanda mjög til þessarar lagasetningar.

Hér á eftir fara athugasemdir og ábendingar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 2. gr.

Skilgreining innstæðu

Mikilvægt er að skilgreining á innstæðu taki á því hvort að inneign á reikningi í eigu viðskiptamanns þurfi að vera skráð á nafn viðskiptamanns eða hvort hún geti verið hlutdeild hans í reikningi. Dæmi um hið síðarnefnda eru reikningar vegna séreignalífeyrissparnaðar. Einstaklingar hafa verið hvattir til þess að leggja fyrir í slíkan sparnað og geta almennt ekki tekið slíkan sparnað út fyrr en við 60 ára aldur. Reikningarnir geta því verið bundnir áratugum saman. Framkvæmd hjá bönkum og innlánastofnunum hefur verið ýmist á reikningi á nafni hvers og eins einstaklings eða á sameiginlegum reikningi þar sem haldið er utan um eign hvers og eins sérstaklega í undirkerfum. Samtökin telja því óeðlilegt að mismuna séreignarsparnaði sem sannarlega eru innstæður í innlánsstofnunum frá tryggingavernd eftir því hvor leið er valin.

Í skilgreiningu innstæðu er tekið fram að um sé að ræða inneign að meðtöldum áföllnum vöxtum. Lagt er til að bætt verði við orðunum „og verðbótum“ til að taka af vafa um að ákvæðið taki einnig til verðtryggðra reikninga.

Varðandi skilgreiningu á innstæðu og skýringu með greininni þar sem svokölluð peningamarkaðsinnlán eru undanskilin tryggingu ber að hafa í huga að sú skilgreining sem þar er höfð um peningamarkaðsinnlán getur átt við um önnur bundin innlán á „hefðbundnum“ innlánsreikningum. Væntanlega er ekki ætlunin að undanskilja öll bundin innlán því mikilvægt er að innlánsstofnanir geti boðið bundin innlán vegna lausafjárstyringar og mega ákvæði laganna ekki hefta það.

Um 6. gr.

Í 3. mgr. 6. gr. segir að rekstrarkostnaður greiðist af eignum sjóðsins. Að mati samtakanna þarf að kveða fastar að orði hvað varðar skiptingu rekstrarkostnaðar milli deilda. Fyrirsjáanlegt er að verulegur kostnaður mun falla til af utanumhaldi vegna B-deildar og leggja samtökin ríkja áherslu á að A-deildin sé skaðlaus af kostnaði vegna B-deildar.

Um 10. gr.

Í 3. mgr. 10. gr. er mælt fyrir um ársfjórðungslega gjaldaga iðgjalda á ári. Fjármálafyrirtæki skila ársfjórðungslega fjölmörgum skýrslum til Fjármálaeftirlitsins t.d. um eiginfjárlutfall (CAD) og útlán og vanskil. Skiladagar þessara skýrslna eru þeir sömu og þeir dagar sem tilgreindir eru í ákvæðinu sem gjalddagar iðgjalda. Óraunhæft er að ætla sjóðnum að innheimta iðgjöld sem grundvallast á þessum skýrslum sama dag og skýrslu er skilað. Eðlilegra er að gjalddagi verði 30 dögum síðar.

Í stað „samtölu“ í c-lið 10. gr. komi: iðgjöld.

Í 6. mgr. 10. gr. er lagt til að eigi síðar en 10. dag hvers yfirstandandi ársfjórðungs skuli innlánsstofnanir hafa veitt sjóðnum upplýsingar um samtölu eigna sem álagning skv. 2. og 3. mgr. byggist á. Líklegt er að ný löggiöf um innstæðutryggingar kalli á breytingar á tölvukerfum innlánsstofnana til að þær séu í stakk búnar til að veita nauðsynlegar upplýsingar. Nú þegar er mikið álag á tölvudeildum vegna innleiðingar nýrra skattalaga og annarra breytinga á löggiöf. Því er nauðsynlegt að fresta gildisstöku þessa ákvæðis í nokkra mánuði. Lagt er til að ákvæðið taki gildi á miðju ári 2010. Þá er einnig bent á að 10 daga fresturinn er mjög skammur tími, jafnvel eftir að búið verður að breyta tölvukerfum. Því er lagt til að fresturinn verði lengdur og miðað við 20. dag hvers yfirstandandi ársfjórðungs.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu eru taldar upp innstæður sem ekki njóta verndar samkvæmt lögnum. Tilgangur ákvæðisins er að takmarka frá því sem nú er þær innstæður sem njóta verndar. Samtökin telja slíka takmörkun eðlilega en benda á að hugtakanotkun þarf að vera mjög skýr þannig að ekki komi upp túlkunarvandi. Hér á eftir eru gerðar athugasemdir við einstaka töluliði 14. gr. :

1. 1. tölul.: Samkvæmt orðalagi ákvæðisins eru innlán viðskiptabanka og sparisjóða í öðrum fjármálafyrirtækum undanskilin tryggingavernd en innlán verðbréfafyrirtækja og fjárfestingabanka njóta verndar. Ekki er ljóst hvers vegna þessi greinarmunur er gerður.

2. 3. tölul.: Í ákvæðinu er lagt til að undanþegnar séu innstæður fyrirtækis þar sem innlánsstofnun (banki eða sparisjóður) fer með virkan eignarhlut. Ekki er alveg skýrt hver tilgangur ákvæðisins er. Samkvæmt orðalagi ákvæðisins virðist lagt upp með að öll fyrirtæki sem banki eða sparisjóður á virkan eignarhlut í njóti ekki verndar. Sú spurning vaknar hvort tilgangur ákvæðisins sé frekar að útiloka tilvik þar sem fyrirtæki á virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki.
3. 6. og 7. tölul.: 6. tölul. undanþiggur tryggingarvernd framkvæmdastjóra og aðra lykilstjórnendur innlánsstofnunar, og innstæðueigendur með svipaða stöðu í öðrum félögum í sömu samsteypu. Óljóst er hvað átt er við með „*lykilstjórnendum*“ og „*innstæðueigendum með svipaða stöðu í öðrum félögum*“. Orðalag þetta er of matskennt að mati samtakanna. Sá hópur sem ákvæðinu er ætlað að ná til, þ.e. stjórnendur í fjármálafyrirtækjum og þeirra nánustu, er ekki fjölmennur og trygging innstæðu viðkomandi takmörkuð við 50.000 evrur. Að halda þessum hópi utan kerfisins kallar á verulegt utnumhald og umsýslu með tilheyrandi kostnaði í hverju fjármálafyrirtæki. Slíkt íþyngir fyrirtækjunum verulega án þess að verulegir hagsmunir séu í húfi fyrir þjóðfélagið í heild. Sama gildir um tryggingasjóðinn sjálfan sem þarf að leggja mat á það við útgreiðslu hvort tilteknir einstaklingar séu undanþegnir tryggingavernd. Að mati samtakanna færi því betur á því að sleppa lögfestingu 6. tölul. Sama á við um lögfestingu 7. tölul.
4. Í 5.tölul er ekki alveg ljóst hvort er átt við innstæður rekstrarfélaga sem reka verðbréfasjóði sem og aðra sjóði um sameiginglega fjárfestingu eða verðbréfasjóðina sjálf. Mikilvægt er að þetta sé skýrt.
5. Í 9. tölul eru innstæður sem ekki eru skráðar á nafn undanþegnar tryggingarvernd. Að mati samtakanna er þessi töluliður óþarfur þar sem að ekki er heimilt að stofna nafnlausu reikninga í fjármálafyrirtækjum sbr. lög um varnir gegn peningabætti og fjármögnum hryðjuverka, nr. 64/2006. Við stofnun reiknings kemst á viðvarandi samningssamband við fjármálafyrirtæki og er því þá skylt að framkvæma áreiðanleikakönnun á viðskiptavinum þ. á m. að afla upplýsinga um nafn hans. Ef ákvæðinu er ætlað að taka til safnreikninga þar sem viðskiptamaður á hlutdeild í reikningi þarf það að vera alveg skýrt í orðalagi ákvæðisins sbr. athugasemd við 2. gr.

Um 18. gr.

Í 2. og 3. mgr. 18. gr. er lagt til að sjóðnum sé heimilt sé að innheimta viðbótariðgjald vegna verðbréfiðskipta á næstliðnu ári. Í frumvarpinu er ekki skýrt hvað skuli telja til verðbréfiðskipta og dugir skilgreining verðbréfiðskipta í 2. gr. ekki til að skilgreina þetta atriði. Sambærileg upplýsingagjöf tíðkast samkvæmt gildandi lögum en erfitt hefur reynst í framkvæmd að samræma upplýsingagjöf til sjóðsins. Mikilvægt er að skilgreina, t.d. í reglugerð, hvernig velta verðbréfiðskipta skuli ákveðin. Einnig þarf að vera skýrt hvort viðskipti aðila sem ekki eru tryggðir skv. lögnum skuli telja með þegar velta verðbréfiðskipta er ákveðin.

22. gr.

Vísað er til athugasemda við 3., 6. og 7. tölulið 14. gr. hvað varðar 3., 6. og 7. tölulið 22. gr. Tekið skal fram að samkvæmt 20. gr. er hámarksgreiðsla úr verðbréfadeild 20.000 evrur og því mun lægri en vegna A-deldar. Í verðbréfadeild svarar því enn síður kostnaði að halda utan um ákveðna einstaklinga sem ekki njóta tryggingaverndar, eins og lagt er til í ákvæðinu.

Um ákvæði til bráðabirgða I

SFF hafa verulega áhyggjur af greiðslufyrirkomulaginu 2010, eins og því er stillt upp í frumvarpinu þ.e. að fjármálafyrirtækjum beri að greiða annars vegar vegna fortíðar og hins vegar framtíðar á því sem næst sama tíma. Það getur vegið þungt í rekstri fjármálafyrirtækja sem róa þungan róður á krepputímum að þurfa samhliða hefðbundnum greiðslum í tryggingarsjóð að vera jafnframt gert að greiða mikla fjármuni í hit sem varðar fortíðarvanda. Slík tilhögun vinnur þannig gegn því meginmarkmiði ríkisstjórnarinnar að stuðla að því að hér byggist hratt upp sterkur fjármálamarkaður á ný, sem aftur sé forsenda fyrir endurreisn atvinnu- og efnahagslífs.


Um ákvæði til bráðabirgða II

Í ákvæðinu er lagt til að Tryggingasjóður sparisjóða verði lagður niður með tæplega mánaðar fyrirvara. Sjóðurinn var stofnaður á grundvelli heimildarákvæðis í 19. gr. gildandi laga, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Samtökin telja mikilvægt að ekki verði hreyft við lagalegum grunni Tryggingasjóðs sparisjóða fyrr en séð hefur verið fyrir endann á fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðanna.

Sjóðurinn hefur unnið út frá því að mikilvægt sé að nýta fjármuni sjóðsins til stuðnings við sparisjóði í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu. Fjármunir sjóðsins eru hins vegar takmarkaðir og hefur sjóðurinn ekki fjárhagslega burði til að styðja við bakið á stærstu sparisjóðunum. Það er hins vegar mikilvægt að nýta sem best fjármuni sjóðsins til að styrkja smærri sparisjóði sem þurfa á aðstoð að hald til að komast í gegnum aðsteðjandi rekstrarvanda. Bráðbirgðaákvæði II setur aðkomu sjóðsins að fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðanna í uppnám þar sem ekki er öruggt að henni verði lokið fyrir áramót. Að mati samtakanna væri heppilegast að Tryggingasjóður sparisjóða myndi starfa þar til fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóða er lokið, til að tryggja aðkomu hans að þeim sparisjóðum sem geta nýtt sér sjóðinn sem bakhjarl. Jafnframt telja samtökin eðlilegt að haft verði samráð við sparisjóðina varðandi breytingar á lagalegum grunni sjóðsins, enda var það upphaflega ákvörðun sparisjóðanna sjálfra að stofna sjóðinn.

Að lokum benda samtökin á að mikilvægt er að hafa í huga samspil nýrra laga og þess að fjárhagslegri endurskipulagningu fjármálakerfisins í heild er ekki að fullu lokið og að búið sé þannig um hnútana að ekki reyni á hinn nýja sjóð strax í upphafi.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson